

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðluleikari

Hugvekja í tali og tónum



Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
15. mars 2015 kl. 15:00

Efnisskrá

Poul Ruders *Bel Canto* 2004
f. 1949

Rúna Ingimundar *Að heiman* 2012
f. 1963 Þingeysk þjóðlög í léttum leik

Poul Ruders er í dag talinn meðal fremstu tónskálda í Danmörku. Hann fæddist árið 1949 í Ringsted á Sjálandi og stundaði nám í píanó- og orgelleik og hljómsveitarútsetningum. Þó fyrstu verk hans séu frá 7. áratug liðinnar aldar telur hann sig sjálfur hafa þroskast hægt sem tónskáld og að hans eigin rödd hafi fyrst komið fram í kringum 1980. Poul hefur samið einleiksverk fyrir ýmis hljóðfæri og kammersveitir, en einnig óperur og sinfónísk verk sem hafa verið flutt bæði í heimalandi hans og í Bandaríkjunum.

Rúna Ingimundar er fædd á Húsavík og ólst upp við söng og hljóðfæraleik, leiklist og dans. Hún lauk meistaraþáttu í tónsmíðum og tónfræði frá Háskólanum í Arizona vorið 1990 og doktorsþáttu í tónsmíðum og tónlistarmannfræði frá sama háskóla vorið 2009. Hún starfar nú sem tónlistarkennari og kórstjóri við Tónskóla Fjallabyggðar.

Að heiman byggir á fimm þjóð- og kvæðalögum sem Benedikt á Auðnum skráði í heimasveit sinni og birtust í Þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar. Lögin eru kynnt til sögunnar í sinni einföldu mynd og síðan er spunnið út frá hverju lagi.

Þjóðlagið, fullkomið í sínum einfaldleika, er stofn trésins og spuninn eru greinarnar. Allt tónmálið er byggt á stofninum rétt eins og hljóðheimur tónskáldsins sem hvílir á hljómi uppvaxtaráranna á Húsavík.

Að heiman

Fram á regin fjallaslóð

firðar ljótir búa
þeirra sveit er þeygi góð
þyrstir mjög í sauðablóð
eru þeir, og engan guð á trúa.

úr Skuggasveini

Maðurinn sem úti er

undrun vekur mína
heilanum úr höfði sér
hann er búinn að týna.

Indriði Þorkelsson

Skelfur undir elfa' og grund

æði stund við bræði fund
blóð úr hrundi óðast und
eggjar sundra beggja mund.

úr Andrarímum hinum yngri

Sumarið þegar setur blítt

sólar undir faldi
eptir á með eðlið strítt
andar veturinn kald.

Felur hún hið fagra ljós
frostið hitann erfir
væn að dupti verður rós
vindur logni hverfir.

Lýðum þegar lætur dátt
lukkubyrinn mildi
sínnum huga í sorgarátt
sjerhver renna skyldi.

úr Corpus Poeticum
Guðbrands Vigfússonar

Senn er komið sólarlag

sjest á norðurtindum.

Líður á þennan dýrðardag

drottinn stýrir vindum.

Senn er komið sólarlag

sjest á norðurheiðum.

Líður á þennan dýrðardag

drottinn stýri leiðum.

— sjest á norðurhnjúkum

— drottinn hjálpi sjúkum.

— sjest á norðurlandi

— drottinn hjá oss standi.

— sjest á norðurheiði

— drottinn veginn greiði.

— sjest á norðurfjöllum

— drottinn hjálpi oss öllum.

— sjest á norðurskeri

— drottinn hjá oss veri.

Senn er komið sólarlag

sendi oss drottinn friðinn

og oss gefi annan dag

eptir þennan liðinn.

Senn er komið sólarlag

sjá það gjörla augun mín

gef að morgni góðan dag

guð drottinn sem æðstur skín.